

REGLUGJÖRD

um

stjórn ræktunarmála, og styrk úr ríkissjóði til garðyrkju.**34**
7. júní

Samkvæmt jarðræktarlögum 20. júní 1923, er hjermeð gefin út eftirfarandi reglugjörð um stjórn ræktunarmála og styrk úr ríkissjóði til jarðyrkju.

I. KAFLI.**1. gr.**

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

2. gr.

Búnaðarfjelag Íslands hefir á hendi framkvæmd, eða umsjón með framkvæmd, þeirra ræktunarmála, sem lán eða styrkur er veittur til úr ríkissjóði, eða öðrum sjóði eða stofnun, sem er eign ríkisins, nema lög mæli öðruvísi fyrir sjerstaklega.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skal jafnan leita álits Búnaðarfjelags Íslands um ræktunarmálefni, áður en þau eru fullráðin, og eigi má veita lán eða styrk úr sjóðum þeim og stofnunum, sem í 2. gr. getur, ef fjelagið leggur á móti því.

4. gr.

Búnaðarfjelag Íslands hefir á hendi umsjón með viðhaldi þeirra ræktunarfyrirtækja, sem styrkur eða lán hefir verið veitt til úr sjóðum þeim eða stofnunum, sem um getur í 2. og 3. gr. Ennfremur hefir það eftirlit með því, að verk þessi séu unnin á þann hátt, sem í skilyrðum var haft, er lán eða styrkur var veitt, að svo miklu leyti sem verkið er óframkvæmt, eða eftirlit þetta eigi falið öðrum sjerstaklega.

5. gr.

Atvinnumálaráðuneytið gefur út:

- a. Skýrsluform fyrir allar unnar jarðabætur í hverjum hreppi eða búnaðarfjelagi. (Eyðublað I.).
- b. Skýrsluform fyrir allar þær jarðabætur, er ræðir um í II. kafla jarðræktarlaga. (Eyðublað II.).

- 34 c. Skýrsluform fyrir jarðabætur, sem unnar verða á þjóðjörðum upp í lands-
7. júní skuldargreiðslu, samkv. V. kafla sömu laga. (Eyðublað III.).

Skýrslur þær, sem safnast á eyðublað I, sendast atvinnumálaráðuneytinu, en þær sem safnast á eyðublað II, og III, sendast Búnaðarfjelagi Íslands.

6. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfjelagi Íslands eru ætluð í reglugjörð þessari, framkvæmir ýmist stjórn þess, framkvæmdarstjóri eða ráðunautar, alt eftir því, sem lög fjelagsins og reglur mæla fyrir.

7. gr.

Til þess að framkvæma jarðabótamælingar, samkvæmt reglugerð þessari, velur Búnaðarfjelag Íslands, eða samþykkir val á, trúnaðarmönnum, sem hafa þennan starfa með höndum.

Trúnaðarmenn þessa má velja eftir tillögum búnaðarsambandanna, og eru þá um leið starfsmenn þeirra, enda greiði sambandið þeim þóknun fyrir starfa sinn. Þar sem þessu er eigi þannig fyrir komið, tilnefni Búnaðarfjelag Íslands trúnaðarmenn. Geta þeir starfað fyrir eitt eða fleiri búnaðarfjelög. Kostnað þann, sem leiðir af starfi þessara manna, greiðir hlutaðeigandi búnaðarfjelag, eða einstaklingur, sem mælt er fyrir, ef hann er ekki í búnaðarfjelagi. Ef ágreiningur verður um borgun þessa, sker Búnaðarfjelag Íslands úr.

8. gr.

Þessi eru hin helstu störf trúnaðarmanna:

Að mæla og meta allar jarðabætur, sem árlega eru unnar í umdæmum þeirra, og færa þær á skýrsluform þau, er getur um í 5. gr., og gefa leiðbeiningar um tilhögun og framkvæmd jarðabóta.

Allar skýrslur um mælingar og störf trúnaðarmanna skulu sendar hlutaðeigandi yfirvöldum, atvinnumálaráðuneytinu eða Búnaðarfjelagi Íslands, fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert.

Skýlt er hverjum jarðabótamanni að láta trúnaðarmanni í tje alla þá aðstoð og upplýsingar, er hann telur sjer nauðsyn á, og greiða fyrir starfi hans á allan hátt, svo að það geti orðið vel og trúlega af hendi leyst.

Búnaðarfjelag Íslands gefur trúnaðarmönnum erindisbrjef, sem nánar ákveða um störf þeirra.

9. gr.

Búnaðarfjelag Íslands gefur út „handbók“, til leiðbeiningar fyrir trúnaðarmenn. Þar skulu gefnar reglur um fyrirkomulag jarðabótaskýrslanna, um gerð jarðabóta, hvernig þær eru metnar til dagsverka og fleira.

II. KAFLI.

34
7. júní*Um styrk til jarðyrkju.*

10. gr.

Styrkur úr ríkissjóði til jarðyrkju veitist ýmist búnaðarfjelögum, eða einstökum mönnum, ef í engu slíku fjelagi eru.

11. gr.

Styrk þeim, sem veittur er í fjárlögum, til búnaðarfjelaga, skal skift hlutfallslega milli búnaðarfjelaganna, eftir tölu dagsverka, sem hvert fjelag hefir unnið, samkvæmt skýrslum þeim, sem gerðar eru á eyðublað I. Þennan styrk mega búnaðarfjelögin aðeins nota til sameiginlegra þarfa til styrktar fjelagsskap sínum, svo sem til að halda uppi vinnuflokkum, til verkfærakaupa, til sjóðmyndana, til greiðslu nauðsynlegra útgjalda við mælingar o. fl.

12. gr.

Hlutdeild í styrk þeim, sem veittur er í fjárlögum til framkvæmda, eftir II. kafla jarðræktarlaganna, geta þeir fengið, sem sent hafa umsókn til Búnaðarfjelags Íslands fyrir 1. des. ár hvert, ef þeim fylgir vottorð trúnaðarmanns Búnaðarfjelagsins um, að styrkbeiðandi hafi fullnægt settum reglum um gerð jarðabótanna.

Styrkurinn er reiknaður á dagsverk ár hvert, og skal fylgja þeim hlutföllum, sem nefnd eru í jarðræktarlögunum og reglugjörð þessari.

Landsstjórnin veitir styrk þennan, eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands.

13. gr.

Styrkur fyrir áburðarhús og safnþrær, samkv. 7. gr. jarðræktarlaganna, veitist því aðeins, að trygging sje fyrir, að áburðurinn rigni ekki eða lögurinn tapist, og að öðru leyti sje fullnægt þeim nánari reglum og skilyrðum, er sett verða í handbók.

Styrkuppheðin má vera alt að $\frac{1}{3}$ kostnaðar við verkið.

14. gr.

Til þess að túnsljettur og túnauki megi teljast fullger, þarf landið að vera vel jafnað, með nokkurnveginn samfeldum gróðri og nægilegum áburði.

Sljetturnar skulu vera vjelslægar, ef landslag leyfir, og vel sjeð fyrir afrenslí yfirborðsvatns.

Framræslu til túnræktar má því aðeins telja fullgerða jarðabót, að tungrös muni geta þrifist á landinu, að álitu trúnaðarmanns.

34
7. júní Til túngæðslu má telja girðingar um tún og lönd, sem tekin eru til nýyrkju. Nánari ákvæði um gerð þessara jarðabóta verða í handbók trúnaðarmanna.

Sá, sem fullnægir settum skilyrðum um túngæðslu, getur fengið styrk, er nemi alt að $\frac{1}{4}$ kostnaðar.

15. gr.

Enginn fær styrk þann, sem segir í 12. gr., á fyrstu 10 dagsverkin, sem hann vinnur á ári hverju, fyrir hvern verkfæran mann, er hann hefir á heimili sínu til vinnu vistarár hvert. Nú lætur maður, sem hefir jörð eða jarðarpart, eða landssvæði, til afnota, niður falla eitt ár eða fleiri, talið frá 14. maí 1925, túnræktariðju þá, sem ræðir um í 14. gr., eða hann vinnur minna að þessum störfum en segir í fyrsta málslið þessarar greinar, og fær hann þá eigi neinn styrk, nema fyrir það, sem umfram er 10 dagsverk á ári, fyrir hvern verkfæran mann, margfaldað með áratölu þeirri, sem ekkert var unnið að þessu starfi, eða minna en hjer segir. Þó fá fátækir einyrkjar styrk fyrir það, er þeir vinna umfram 5 dagsverk, er jafngilda 10 hjá öðrum.

„Fátækir einyrkjar“ teljast í þessu sambandi þeir, sem reka landbúnað sem aðalatvinnuveg, hafa engan verkfæran mann í vist eða til vinnu, og eiga ekki meira en 2500 kr. skuldlausar, eftir síðasta skattframtali.

16. gr.

Enginn styrkur greiðist til túnræktar á landi, sem ætla má að tekið verði til lóða undir hús, fiskreita eða annara hluta, sem óviðkomandi eru jarðrækt, á næstu 20 árum eftir að verkið var unnið.

17. gr.

Þeir, sem gera nýja matjurtagarða, geta vænst styrks úr ríkissjóði, er nemi alt að $\frac{1}{5}$ kostnaðar, og er þar með talinn girðingarkostnaður, en eigi áburður. Styrkurinn verður þó eigi geiddur fyr en garðurinn hefir gefið sæmilega uppskeru, að áliti trúnaðarmanns, (enda sje garðstæði valið, eða samþykkt af trúnaðarmanni). Styrkur verður eigi veittur til minni garða en 400 fermetra.

18. gr.

Mat og mæling framtalinna jarðræktarframkvæmda gera venjulega trúnaðarmenn þeir, sem í 7. gr. getur, en ella ráðunautar Búnaðarfjelags Íslands, eða aðrir, sem það velur til þess.

19. gr.

Ríkisstjórnin greiðir styrk samkvæmt þessum kafla, þegar framangreindum skilyrðum hefir verið fullnægt.

20. gr.

34

7. júní

Eldri reglur um mælingar og mat jarðabóta, eru úr gildi numdar, að svo miklu leyti sem kemur í bága við reglugjörð þessa.

III. KAFLI.

Um vjelyrkju og Vjelasjóð.

21. gr.

Úr ríkissjóði má árlega veita fje til að starfrækja og gera tilraunir með jarðræktarvjarlar, svo sem þúfnabana, skurðgröfur og aðrar stærri nýtískuvjarlar, sem eru við hæfi hjer á landi. Árlegt tillag úr ríkissjóði má þó eigi nema meiru en svo, að tekjur Vjelasjóðs og tillag ríkissjóðs verði samtals 50000,00 kr.

22. gr.

Búnaðarfjelag Íslands sjer um starfrækslu vjela þeirra, sem getur í 21. gr., og ákveður, að fengnu samþykki atvinnuálaráðuneytisins, hvar unnið skuli með þeim á ári hverju. Kostnaðurinn af starfrækslunni greiða þeir, sem unnið er fyrir, en heimilt er þó, ef vinnukaupandi óskar þess, og að álitu Búnaðarfjelags Íslands þarf þess með, að lána honum vinnukostnaðinn að helmingi, og endurgreiðast lán þessi og ávaxtast eftir þeim reglum, sem nú gilda um jarðræktarlán úr Ræktunarsjóði, enda sjeu lánin trygð eftir sömu reglum og þar gilda.

23. gr.

Ríkisveðbankinn hefir á hendi innheimtu lána þeirra, er í 22. gr. getur, og skulu vextir og afborganir renna í sjerstakan sjóð, er nefnist „Vjelasjóður“. Markmið þessa sjóðs er að útvega og gera tilraunir með landbúnaðarvjarlar, og starfrækja þær, ef þörf krefur.

Ef Ríkisveðbankinn verður eigi tekinn til starfa áður en innheimta þarf vexti eða afborganir af lánum þessum, hefir Búnaðarfjelag Íslands innheimtuna á hendi, þar til bankinn tekur til starfa.

24. gr.

Ríkissjóður leggur fram fje það, er þarf til starfrækslu vjela þeirra, er ræðir um í 21. gr. Í ríkissjóð greiðist aftur það, sem árlega borgast fyrir vinnuna. En rentur og afborganir af lánum þeim, sem ræðir um í 22. gr., renna í Vjelasjóð.

34
7. júní

25. gr.

Búnaðarfélag Íslands gerir árlega tillögur til atvinnumálaráðuneytisins, um, hve hátt gjald skuli greiða fyrir vjelavinnu.

26. gr.

Þeir tveir þúfnabannar, sem nú eru til, eru eign ríkissjóðs, ásamt tilheyrandi varahlutum, og bensín-birgðum.

Búnaðarfélag Íslands gerir tillögur um kaup á nýjum jarðyrkjuvjelum.

27. gr.

Stofnfje Vjelasjóðs er alt, sem útistandandi var, fyrir vinnu þúfnabannanna, 1. júlí 1923, og það, sem lánað hefir verið fyrir vinnu þeirra til þessa. Ennfremur rennur í Vjelasjóð það, sem hjereftir kann að verða lánað fyrir vjelavinnu, sem þó aldrei má nema meiru en helming vinnugjaldsins, hjá hverjum einstakling.

28. gr.

Handbært fje Vjelasjóðs skal ávaxta í Landsbanka Íslands, og er það undir umsjón Búnaðarfélags Íslands.

Við höfuðstól sjóðsins leggist fyrst um sinn allir vextir, þar til höfuðstóllinn er orðinn 100,000 kr. Þann höfuðstól má aldrei skerða.

IV. KAFLI.

Sjerákvæði um jarðeignir ríkissjóðs.

29. gr.

Þegar þjóðjörð eða kirkjujörð losnar úr ábúð, sem álits sjerstaklega vel fallin til skiftingar í nýbýli, að dómi umráðamanns jarðarinnar, skal leit að álits Búnaðarfélags Íslands um það, áður en jörðin er byggð.

30. gr.

Búnaðarfélag Íslands lætur, svo fljótt sem því verður við komið, starfsmenn sína skoða allar þjóð- og kirkjujarðir á landinu. Skulu þeir semja lýsing á jörðunum, þar sem tekið sje fram um leigu jarðarinnar, hverjir möguleikar sjeu til umbóta, og hverjar jarðabætur muni gefa mestan arð í náinni framtíð. Ennfremur hvort jörðin sje vel fallin til nýbýlaskiftingar, og fleira.

31. gr.

Nú telur Búnaðarfélag Íslands þjóðjörð eða kirkjujörð vel fallna til skiftingar í nýbýli, og má þá eigi festa hana í ábúð þannig, að til fyrirstöðu sje slíkri skiftingu.

32. gr.

Þegar þjóðjörð eða kirkjujörð er byggð, skal jafnan þær, sem við getur átt, ákveðið í byggingarbrjefinu, að leiguliði megi vinna af sjer landsskuld og leigur með jarðabótum á leigujörð sinni. Jarðabætur, sem leiguliði greiðir með landsskuld og leigur, skulu metnar til slíkrar greiðslu þriðjungi minna en ella, þannig, að sá, sem greiðir landsskuld og leigur með jarðabótum, lætur þriðjungi hærri fjárhæð en afgangsupphæðinni nemur.

Sama rjett hafa landsetar ríkissjóðs, sem nú eru, þær með taldir prestar, hvort sem þeir hafa fengið prestssetrið fyrir eða eftir að lög þessi öðlast gildi.

33. gr.

Jarðabætur þær, sem unnar eru til landsskuldargreiðslu, sjeu einkum þær, sem Búnaðarfjelag Íslands álitur, að mest þörf sje á, á hlutaðeigandi jörð. Geta þá komið til greina allar jarðabætur, sem taldar eru á eyðublaði I.

Trúnaðarmenn Búnaðarfjlagsins mæla og meta þessar jarðabætur, og gefa vottorð um, að verkið sje vel af hendi leyst, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í handbókinni. Leiguliði og umráðamaður jarðarinnar fá afrit af þessu mati.

34. gr.

Jarðabætur, sem unnar eru til landsskuldargreiðslu, skulu lagðar í dagsverk, samkvæmt reglum þeim, er gilda fyrir þær jarðabætur, sem færðar eru á eyðublað I. Dagsverkið skal metið samkvæmt verðlagsskrá í viðkomandi hjerði, það ár, sem mat fer fram.

35. gr.

Vinni leiguliði meiri jarðabætur, en þurfa til landsskuldargreiðslu það ár, getur það sem umfram er, komið upp í landskuld næstu ár.

36. gr.

Jarðabætur, sem ganga til landsskuldargreiðslu og leigna, njóta einskis styrks af opinberu fje. Um jarðabætur leiguliða á þjóðjörðum og kirkjujörðum fer að öðru leyti eftir fyrirætlum 14.—19. gr.

37. gr.

Nú vill leiguliði á þjóðjörð eða kirkjujörð vinna af sjer landsskuld og leigur, að nokkru eða öllu leyti, og skal hann þá skýra umráðamanni jarðarinnar frá, hverjar jarðabætur hann ætli sjer að vinna, en umráðamaðurinn leitar síðan álits Búnaðarfjlags Íslands um fyrirætlanir þessar. Engin jarða-

- 34** bót er gild borgun upp í landsskuld og leigur, nema fullgerð sje og vel af
 7. júní hendi leyst, að álití Búnaðarfelags Íslands, í gjalddaga þeirrar landsskuldar eða leigna, er greiða á með henni.

V. KAFLI.

Ákvæði til bráðabirgða.

38. gr.

Mælingar og mat jarðabóta eftir reglugerð þessari, fer fram árlega að vorinu, í fyrsta sinn vorið 1925. Skulu þá mældar allar jarðabætur, sem gerðar hafa verið árið 1924, og færðar á eyðublað I. Sömuleiðis þær, sem nefndar eru í II. kafla reglugjörðar þessarar, og fullgerðar hafa verið eftir 1. júlí 1923. Hafi verið byrjað á þeim jarðabótum fyrir þann tíma, eru þeir metnar í dagsverk, og það dregið frá, sem unnið var áður.

Þessar jarðabætur færast á eyðublað II, og fá hlutdeild í styrk þeim, sem veittur er á fjárlögum 1925 til framkvæmda jarðræktarlaganna.

Jarðabætur, sem ganga eiga til landsskuldargreiðslu verða einnig mældar fyrsta skifti 1925, eftir sömu reglum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. júní 1924.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.